

Alþingi  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2011  
Tilv. 2011040104

**Efni: Umsögn ÁTVR um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (skrotóbak) - 579. mál.**

Í dag er neftóbakið sem ÁTVR framleiðir eina neftóbakið sem er löglegt á íslenska markaðinum. Neftóbakið hefur verið framleitt frá því fyrir stríð og inniheldur það bæði lykarefni og bragðefni. Framleiðslu og sölu á neftóbakinu verður hætt ef frumvarp þetta verður að veruleika í óbreyttri mynd.


Sala á neftóbaki hefur aukist mikið undanfarin ár. Árið 2001 var salan um 10 tonn á ári en um 25 tonn á síðasta ári. Tóbaksgjald af neftóbaki hefur einnig hækkað mikið. Fyrir árið 2001 var það rúmlega 20 milljónir en árið 2010 tæplega 100 milljónir.

Leiða má að því líkum að verulegur hluti neftóbaksins sé notaður í munn en ekki nef. Notkun neftóbaks í munn fer þannig fram að neftóbakið er bleytt upp, sett í sprautu og síðan er því sprautað í munnholið. Slík notkun á neftóbakinu eykst stöðugt, sérstaklega hjá yngra fólki. Einnig hefur borið á að neftóbakið sé sett í grisjur og síðan í munn.

Ekki hefur verið sýnt fram á að nef eða munntóbak sé almennt óhollari vara en sígarettur eða vindlar. Huga þarf að því hvor um brot á jafnræðisreglu sé að ræða ef ein gerð tóbaksvöru er leyfð en önnur ekki.

Rétt er að benda á að framleiðendur á sígarettum eru að þróa reyklaugar sígarettur sem búast má við að komi á markaðinn hér. Miðað við texta frumvarpsins yrðu slíkar sígarettur bannaðar á Íslandi

Virðingarfyllt  
f.h. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

  
Ívar J. Arndal

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2047  
komudagur 15.4.2011



FRÆÐSLA OG FORVARNIR  
Bráutarholti 4a · 105 Reykjavík · s. 511 1588 · frae@forvarnir.is · www.forvarnir.is

Reykjavík, 15. apríl 2011.

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Fræðsla og forvarnir – FRÆ - gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi:  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari  
breytingum (skrotóbak). Þskj. 979 — 579. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 139.  
löggjafarþingi 2010–2011).**

Fræðsla og forvarnir hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir og tekur  
heilshugar undir meginefni þess og tilgang, þ.e. að draga úr neyslu á reyklausu tóbaki og því  
heilsutjóni sem slík neysla veldur.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á að rannsóknir hafa sýnt að neysla  
reyklauss tóbaks getur leitt til ýmissa sjúkdóma og að í reyklausa tóbakinu eru efni sem  
geta leitt til krabbameina og fleiri heilsufarsvandamála.

Þá er einnig vert að hafa í huga að neysla reyklauss tóbaks er ekki síður ávanabindandi en  
reyktóbaks. Undanfarin ár hafa reykingar dregist saman hér á landi en á sama tíma hefur  
munntóbaksneysla ungs fólks aukist. Við þessu er mikilvægt að bregðast og verja þann  
árangur sem hefur náðst í reykingum og styrkja stefnu stjórnvalda í að draga úr  
tóbaksneyslu. Í þeirri viðleitni er eðlilegt og nauðsynlegt að binda í lög hömlur á frekari  
vörupróun og markaðssetningu reyklauss tóbaks.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna,

Árni Einarsson

\*Umsögn þessi er send rafrænt á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is) og í pósti á Nefndasvið  
skrifstofu Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. apríl 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn – frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002,  
um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak).**

Krabbameinsfélagið þakkar fyrir að fá ofangreint frumvarp til umsagnar.

Krabbameinsfélagið hefur alla tíð barist fyrir takmörkunum á tóbaksneyslu til að koma í veg fyrir margvíslegt heilsutjón af völdum hennar. Tóbak (reyktóbak sem reyklaust tóbak) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til að fikt með reyklaust tóbak þróist oft út í daglega notkun þess. Þessu þurfum við í sameiningu að stemma stigu við, ekki síst meðal unga fólksins. Hætta er einnig á, ef ekki er brugðist við, að ákveðin vöruþróun með bragð- og lyktblöndun nái inn á íslenskan markað.

Krabbameinsfélagið hvetur því eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd sem það liggur fyrir og hvetur þingmenn til áframhaldandi aðgerða í þágu tóbaksvarna á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Haraldsdóttir  
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2168  
komudagur 2.5.2011

Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 2. maí 2011  
2011040071/0.1.2/GG/lsj/gh


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (skrotóbak), 579. mál Alþingis.**

Landlæknir þakkar tækifæri til að veita umsögn um ofangreint mál. Frumvarpið miðar að því að banna innflutning á skrotóbaki, vöruflokki tóbaks sem ekki hefur verið seld hér á landi þrátt fyrir að lagaheimild hafi verið til staðar. Munntóbak og skrotóbak (tekið í munn) eru miðlar til neyslu á nikótíni og þróa notendur þess með sér fíkn í nikótín eins og þau sem reykja tóbak. Löggjöf er mikilvægur hlekkur í forvörnum vegna tóbaksneyslu. Árangur á því sviði hér á landi hefur verið eftirtektarverður um árabil, ekki síst meðal ungmenna. Mikilvægt er að varðveita þann góða árangur og er framkomið frumvarp einn liður í því að hindra framboð á nýjum vörum sem gætu aukið neyslu tóbaks.

Til að átta sig á hvað geti verið í húfi þegar horft er til neyslu á munntóbaki er gagnlegt að bera saman stefnu Svía og Finna í tóbaksvörnum undanfarna áratugi. Þar er einn reginmunur á, þ.e. í stefnu þeirra gagnvart sölu á munntóbakinu "snus". Það var bannað hjá Finnum árið 1995 en Svíar heimila sölu þess enn í dag og sjá nú verulega aukna neyslu þess meðal ungra karlmanna, einstaklingum sem aldrei höfðu reykt tóbak. Þeirri neyslu fylgir svo aukin tíðni reykinga hjá þeim sem nota "snus", þó að hún sé e.t.v. ekki dagleg.

Því miður benda innlendar kannanir til að fleiri ungmenni hér á landi, einkum karlmenn, noti munntóbak nú en áður var. Rannsóknir á skaðsemi munntóbaksnotkunar eingöngu (þ.e. án þess að neytendur hafi einnig reykt sígarettur) eru aðferðafræðilegar erfiðar sökum þess hve algengt er að þau sem nota "snus" reyki einnig sígarettur. Þó hafa þær sýnt að þeim sem nota slíkt munntóbak er hættara við krabbameini í munnholi og brisi en þeim sem ekki nota neina tegund tóbaks. Nýleg sænsk rannsókn hefur einnig sýnt að stórnotendum munntóbaks (karlmönnum sem nota meira en 50 g af munntóbaki á dag) sé hættara við að látast af völdum kransæðastíflu en þeim sem ekki nota munntóbak. Það má gera ráð fyrir að skaðsemi munntóbaks fyrir einstaklinginn sé svipuð og af "snus"-i, enda innihaldsefni þau sömu að stærstum hluta. Full ástæða er því til að takmarka aðgang að munntóbaki og notkun þess, sem kostur er. Landlæknir gerir ekki efnislegar athugasemdir við þetta frumvarp og telur að lögfesting þess styrki tóbaksvarnir, einkum fyrir ungt fólk.

Virðingarfyllst,

  
Geir Gunnlaugsson  
landlæknir



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2092  
komudagur 28.4.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

27. apríl 2011

Tilv.40.13  
ÞG,ÞB,ÓB/ei

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (skrotóbak) 579. mál**

Heilbrigðisnefnd Alþingis hefur sent Landspítala ofangreint frumvarp til umsgnar.

Landspítali er sammála breytingatillögum á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, sbr. þskj.979 – 579 mál. Umhugsunarefni er þó að í greinargerðinni er bent á að dagleg notkun munntóbaks meðal 16-23 ára piltar var 20% í maí 2010. Á sama tíma hefur hundraðshluti þeirra sem reykja tóbak á Íslandi aldrei verið lægri og það er ekki útilokað að skrotóbak hafi á liðnum árum gert þeim tiltölulegt gagn sem höfðu val milli tveggja misskaðlegra tóbakstegunda, þ.e. reyktóbaks og reyklauss tóbaks. Fylgjast þarf vel með þróun á tíðni tóbaksnotkunar á næstu árum.

Virðingarfyllst,

Ólafur Baldursson  
framkvæmdastjóri lækninga



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.04.2011  
Tilv. 003/2011 - 0.02.01  
JPH

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Í mælingum sem Lýðheilsustöð hefur látið gera hefur berlega komið í ljós að stórt hlutfall ungra karlmanna nota tóbak í vörina. Um fimmti hver piltur, eða um 20%, á aldrinum 16-23 ára segist nota tóbak í vörina og 15% daglega. Það segir sína sögu um hversu ávanabindandi þessa neysla er að flestir þeirra sem nota tóbak í vörina segjast nota það daglega. Samkvæmt sömu mælingum segjast um 80% þeirra sem nota munntóbak eingöngu nota íslenska neftóbakið í vörina.

Á Íslandi er bannað með lögum að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og allt munntóbak að undanskildu skrotóbaki. Lögin tóku gildi 1. febrúar 1997 og voru sett til að bregðast við tilskipun frá Evrópusambandinu um að aðildarríkin yrðu að banna munntóbak, þó ekki „traditional tobacco products“ sem gat átt við gamla íslenska neftóbakið. Framleiðsla á íslenska neftóbakinu fékk því undanþágu á þeim forsendum að um hefðbundna neftóbaksneyslu væri að ræða.

### **Markaðssetning fyrir ungt fólk**

Í athugasemdum með frumvarpinu er bent á að erlendis hafi mikið borið á viðleitni tóbaksframleiðenda til að markaðssetja nýjar tegundir munntóbaks, þ.e. tegundir sem blandaðar eru bragðefnum, sem og lyktblandað og fínjalað neftóbak. Með bragðbættu tóbaki væri einkum verið að höfða til ungs fólks og sums staðar, t.d. í Svíþjóð, með þeim afleiðingum að umtalsverður hluti unglinga væri farinn að nota „reyklaust tóbak“ að staðaldri. Í athugasemdunum er bent á að þetta tóbak er ávanabindandi, ekki síður en tóbak sem er reykt.

Bragðbætt munntóbak hefur að jafnaði ekki verið á almennum markaði hér á landi og því eðlilegt að banna innflutning á því með lagasetningu og stöðva þannig að hérlendis yrði farið í slíka markaðs- og vörubrúun á „reyklausu tóbaki“ sem einkum beinist að ungu fólki.

### **Stóránkin framleiðsla á Íslandi**

Í ljósi þeirrar miklu aukningar á neyslu íslenska neftóbaksins sem munntóbaks einkum meðal ungra karlmanna, sem jafnframt kemur fram í stóráukinni framleiðslu ÁTVR, er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að undanþágan á framleiðslu íslenska neftóbaksins þróist á þann veg að leyfilegt verði með vörubrúun að fjölga í hópi ungra tóbaksneytenda, t.d.

með því að lyktar- og bragðbæta neftóbakið eins og nefnt er hér að ofan.

Samkvæmt b. lið frumvarpsins verður bannað að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak. Þessi liður frumvarpsins um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, hefur þann tilgang að skýrt sé kveðið á um það í lögnum að undanþágan fyrir framleiðslu á íslensku neftóbaki snúist um að það sé eingöngu framleitt í þeirri mynd sem undanþágan byggist á.

### **Komið í veg fyrir aukningu á notkun munntóbaks**

Samkvæmt a. lið frumvarpsins er lagt til að bannað verði að flytja inn skrotóbak og að notkun þess verði bönnuð eins og á öðru munntóbaki. Skrotóbak hefur ekki verið á markaði hérlendis undanfarin ár. Innflutningur á því væri því viðbót við aðra tóbaksneyslu.

Í raun gilda hér sömu rök, og sett voru fram í athugasemdum með frumvarpinu um bann við innflutning á öllu munntóbaki og tók gildi 1. febrúar 1997, hvað viðkemur viðleitni tóbaksframleiðenda til að markaðssetja nýjar tegundir tóbaks sem blandaðar eru bragðefnum og er einkum ætlað að höfða til ungs fólks. Þarna er um að ræða nýja tegund munntóbaks sem hefur ekki verið á almennum markaði að jafnaði hér á landi. Eðlilegt er að banna innflutning á þessu tóbaki með lagasetningu, og má þar m.a. nefna tilskipun Evrópusambandsins, og koma þannig í veg fyrir markaðs- og vöruþróun á „reyklausu tóbaki“ sem einkum beinist að ungu fólki á Íslandi.

Samkvæmt þessum lið frumvarpsins er verið að tryggja að notkun skrotóbaks skjóti ekki upp kollinum sem viðbótartóbaksneysla, einkum meðal ungs fólks.

Færa má góð rök fyrir því að það hafi komið fram, sem áhyggjum var lýst yfir í athugasemdum með frumvarpinu að lögum þar sem bannaður var allur innflutningur á munntóbaki og tóku gildi 1. febrúar 1997, að það yrði einkum ungt fólk sem myndi ánetjast þessum tegundum tóbaks og að það yrði fljótt mjög háð neyslunni.

### **Munntóbaksnotkun ekki leið til að hætta reykingum**

Ekki eru til neinar vísindalegar sannanir sem styðja að neysla á reyklausu tóbaki sé gagnleg leið til að hætta að reykja. Á Íslandi mælast daglegar reykingar hvað lægstar í Evrópu og það er margt sem stuðlað hefur að þessum góða árangri. Ljóst er að þar hafa tilslakanir á banni Evrópusambandsins á innflutningi á reyklausu tóbaki ekki átt hlut að máli.

Einnig má benda á margar Evrópuþjóðir þar sem hratt dregur úr reykingum án þess að þar hafi verið kvikað frá banni Evrópusambandsins á innflutningi á reyklausu tóbaki.

Nefna má að á tímabilinu 2006 til 2009 hafa reykingar dregist saman um 5% í Bretlandi, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu og Þýskalandi.

### **Skaðleg áhrif munntóbaks**

Oft er sagt að munntóbak skaði heilsuna minna en reyktóbak. Slíkur samanburður er ákaflega villandi því fátt er jafn hrikalega heilsuspillandi og reykingar. Eðlilegra er að bera hættuna af munntóbaksneyslunni saman við það að neyta alls ekki tóbaks.

Í munntóbaki, þ.m.t. íslenska neftóbakinu, eru fjölmörg efni sem geta valdið krabbameini. Rétt er að geta þess að hrátóbakið sem notað er í framleiðslu íslenska neftóbaksins kemur frá stærsta munntóbaksframleiðanda Svía (Swedish Match).

Mest er hættan á krabbameini í brisi en jafnframt benda sumar rannsóknir til þess að

aukin hætta sé á krabbameini á fleiri stöðum, t.d. í munnholi. Bent er á að gerðar hafa verið greiningar á m.a. heilsufarsskaða samfara munntóbaksnotkun. Nefnd á vegum Evrópusambandsins, *Scientific Committee on Emerging and Newly Identified Health Risks* (SCENIHR), hefur gefið út skýrslu þar sem fram kemur að í öllu reyklausu tóbaki er nikótín; öflugt ávanabindandi efni. Að neysla þess geti valdið krabbameini og farið er yfir fleiri heilsufarsskaða sem tengjast neyslu á reyklausu tóbaki.

(Tengill í skýrsluna:

[http://ec.europa.eu/health/ph\\_risk/committees/04\\_scenihp/docs/scenihp\\_stp\\_comments.pdf](http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/04_scenihp/docs/scenihp_stp_comments.pdf))

Þá hefur German Cancer Research Center í Heidelberg í Þýskalandi gefið út skýrslu og samantekt á sænska snussinu undir heitinu *From Science to Politics* þar sem farið er yfir helstu þætti samfara framleiðslu og neyslu munntóbaks. Þar er m.a. farið yfir hversu skaðleg neyslan sé, að hún valdi fíkn, höfði til ungs fólks, auki heildarneyslu á tóbaki og að ekki hafi verið sýnt fram á að neysla þess sé gagnleg leið til að hjálpa fólki að hætta að reykja.

(Tengill í skýrsluna: [http://www.ensp.org/sites/default/files/AdWfdP\\_Snus\\_en.pdf](http://www.ensp.org/sites/default/files/AdWfdP_Snus_en.pdf))

### **Alþjóðlegar skuldbindingar**

Á fjórðu Evrópsku ráðstefnunni um tóbaksvarnir sem haldin var í Amsterdam í mars s.l. voru þjóðir Evrópu sem staðfest hafa „Rammasamning

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir“ (FCTC- WHO) hvattar til að kynna samninginn á pólitískum vettvangi og nýta efni hans í gerð heildstæðrar stefnumörkunar í tóbaksvörnum.

Minnt er á að Ísland staðfesti „Rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir“ 14. júní 2004 og bent á að í 4. gr. segir (4. gr. 2. liður, b). Leturbr. höfundar):

Nauðsynlegt er að fyrir hendi sé öflug pólitísk samstaða um að þróa og styðja, á innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi, heildstæðar ráðstafanir sem taka til fjölmargra málaflokka og samræma viðbrögð, þar sem tekið er tillit til þess

**b) að gera þarf ráðstafanir til að koma í veg fyrir að menn byrji að neyta tóbaks og vinna að því að menn hætti eða dragi úr neyslu tóbaks í hvaða formi sem er,**

Og í 5. gr. í öðrum lið segir (leturbr. höfundar):

**b) samþykkja og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum og/eða öðrum ráðstöfunum og vinna, í samvinnu við aðra aðila og eftir því sem við á, að undirbúningi viðeigandi stefnumála til að koma í veg fyrir og draga úr tóbaksneyslu, nikótínfíkn og óbeinum reykingum.**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákveðið að í ár verði þema *Dags án tóbaks – 31. maí* „Rammasamningur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir“ (FCTC- WHO). Tilgangurinn er að varpa ljósi á mikilvægi sáttmálans og leggja áherslu á skyldur þeirra sem að honum standa að stuðla að því að ákvæði hans komist til framkvæmda í hverju landi fyrir sig sem og á alþjóðavettvangi.

(Tengill í samninginn:

[http://www.velferdarraduneyti.is/media/Tobaksvarnir/Rammasamningur\\_-\\_tobaksvarnir.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/Tobaksvarnir/Rammasamningur_-_tobaksvarnir.pdf))



Virðingarfyllst,  
f.h. Lýðheilsustöðvar

*Margrét Björnsdóttir*

Margrét Björnsdóttir, forstjóri



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 27. apríl 2011.

**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak), 579. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak), 579. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 11.apríl sl.

Frumvarpið er unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð. Í þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, felst tilraun til að stemma stigu við vaxandi munntóbaksneyslu ungs fólks. Skal þetta gert með því annars vegar að banna innflutning á skrotóbaki og hins vegar að banna framvegis að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með ákvæðum frumvarpsins er að hluta gengið lengra en gert er ráð fyrir í ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyriræmum aðildarríkja varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum. Kallar það á sérstaka kynningu á EES-svæðinu, verði frumvarpið að lögum.

Þó tóbaksvarnalög leyfi innflutning skrotóbaks hefur það hvorki verið framleitt hér á landi né flutt inn frá gildistöku laganna. Með banninu er því samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu verið að tryggja að notkun skrotóbaks ryðji sér ekki aftur til rúms hér á landi.

Bann það sem felst í b-lið 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak, er viðleitni til að stemma stigu við aukinni notkun á reyklusu tóbaki, sem rannsóknir sýna að fer vaxandi, einkum meðal ungs fólks. Enda virðist markaðssetningu þessa tóbaks einkum beint að þeim hópi. Af því hafa forvarnaraðila áhyggjur og vilja bregðast við.

LÍ telur mikilvægt að draga úr neyslu fólks á öllu tóbaki, ekki einvörðungu skrotóbaki og reyklusu tóbaki. Einna mikilvægast er að koma í veg fyrir að fólk hefji tóbaksnotkun. LÍ styður þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um tóbaksvarnir með umræddu frumvarpi.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,  
formaður.



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2008  
komudagur 20.4.2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 19. apríl 2011

Tilvísun: 2011040119

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 979 - 579. mál

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### Frumvarp til laga um tóbaksvarnir

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 11. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (skrotóbak), 579. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til frumvarpsins.

F.h. RLS

  
Theima Clausen Þórðardóttir / Gísli Pálsson



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2011.

Efni: Umsögn um tóbaksvarnir (skrotóbak), 579. mál.

### Samantekt

- Ekki eru gerðar athugasemdir við a-lið frumvarpsins.
- Hver er staða neftóbaks ÁTVR samkvæmt frumvarpi þessu?
- Orðalag b-liðs getur ekki staðið óbreytt þar sem það myndi gera neftóbak ÁTVR að ólöglegri vöru. Því þarf annað hvort að fjarlægja b-lið frumvarpsins eða breyta orðalaginu þannig að tilgangi b-liðsins sé náð án áhrifa á núverandi vöruúrval ÁTVR.
- Núverandi lög taka mjög vel á tóbaksvörnum og lagarammi þeirra er skýr. Ef litið er til tilgangs frumvarpsins þá eru forvarnir betri leið til að ná markmiðunum.
- Rannsóknir sem eiga við um reyklaust tóbak á Íslandi gefa aðrar niðurstöður en þær sem vitnað er til í athugasemdum með frumvarpinu.
- Í Noregi var horfið frá frekari þrengingum á reyklusu tóbaki, í sambærilegri umræðu, vegna þess að það var talið samfélagslega hagkvæmt.
- Aukning á sölu neftóbaks í gegnum ÁTVR á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til að neytendur sem hafa verið að kaupa vörur á svarta markaðnum eru að koma upp á yfirborðið.

**Rolf Johansen & Co leggur til að b-liður frumvarpsins verði fjarlægður.**

### 1. Skrotóbak

Ekki eru gerðar athugasemdir við a-lið frumvarpsins.

### 2. Hver er staða neftóbaks ÁTVR?

Velferðarráðherra mælti fyrir frumvarpinu og sagði að frumvarp þetta ætti ekki að hafa áhrif á núverandi vörur. Samkvæmt orðalagi b-liðs frumvarpsins er í raun verið að banna neftóbak ÁTVR.

### 3. Framkvæmd tóbaksvarnarlaganna

Framkvæmd tóbaksvarnarlaganna yrði mjög erfið ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt og nær ógerlegt væri að framfylgja orðalagi frumvarpsins án tortryggni í garð núverandi vara á markaðnum. Í athugasemdum um frumvarpið á staðfesting þessara laga ekki að hafa áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Það er því nauðsynlegt, til að tilgangur frumvarpsins nái fram að ganga, að fella annað hvort setningu b-liðs úr frumvarpinu eða breyta henni þannig að unnt sé að framkvæma væntanleg lög og að núverandi vörur verði leyfilegar. Núverandi lög taka mjög vel á tóbaksvörnum og lagarammi þeirra er skýr.

#### 4. Reyklaust tóbak

Eins og nafnið gefur til kynna nær heitið til alls tóbaks fyrir utan reyktóbak, vindlinga og vindla. Af náttúrunnar hendi eru fjölmörg efnafraeðileg sambönd í tóbaksplöntunni sem hafa áhrif á og gefa bragð og lykt. Samkvæmt skilgreiningu á hrátóbaki þá eru nokkrum atriðum blandað við tóbakið sem flokkast sem bragð- og lyktarefni eins og t.a.m. salt (sem flokkast sem bragðefni). Það er því ómögulegt að framfylgja lögnum með rannsóknum eða greina hvort vara hafi verið bragð- eða lyktarblönduð. Hvaða aðili ætti til að mynda að sjá til þess að lögnum sé framfylgt og/eða vera úrskurðaraðili?

#### 5. Rannsóknir

Þegar litið er til rannsókna er afar mikilvægt að bera saman „epli og epli“. Rannsóknir sem vitnað er í athugasemdum við frumvarpið eru um annan uppruna og framleiðslu tóbaks (bandarískt) en það sem er notað á Íslandi. Tóbakið sem er notað á Íslandi er skandinavískt og er framleitt eftir sænskum staðli. Þrjár rannsóknir sem ná til þessa efnis og tóbaks sem er notað á Íslandi má finna hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, Evrópusambandinu og frá Pöschl í Þýskalandi.

##### WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin) og Evrópusambandið.

Meginniðurstaða þeirra rannsókna er að lágmarks heilsufarsáhætta er af tóbaki framleiddu eftir sænska staðlinum (*WHO. WHO study group on tobacco product regulation. Report on the scientific basis of tobacco product regulation: third report of a WHO study group. WHO Technical Report Series 955*) og neysla tóbaks eftir þeim staðli er ekki hvetjandi fyrir aðra neyslu, t.d. að byrja neyslu á reyktóbaki (*European Commission. SCENIHR. Health Effects of Smokeless Tobacco Products, Preliminary Report. Júní 2007*).

##### Þýsk rannsókn (Pöschl).

Þýsk rannsókn leiddi í ljós að bragð- og lyktarblandað tóbak hafði ekki áhrif á neyslu né vöxt reyklus tóbaks (<http://www.poeschl-tobacco.com/schnupftabak-gesundheit.html>, e.d.).

#### 6. Dæmisaga frá Noregi

Norðmenn hafa nýlega farið í gegnum umræðu um reyklaust tóbak og komust að þeirri niðurstöðu í stað þess að þrengja þann lagaramma þá væri það samfélagslega hagkvæmt að þrengja ekki frekar að reyklusu tóbaki. Ástæðan er sú að reyklaust tóbak er staðkvæmdarvara fyrir reyktóbak, vindlinga og vindla.

Virðingarfyllt,



Ásgeir Johansen  
Rolf Johansen & Co



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2095  
komudagur 28.4.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2011.

**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak). Þingskjal 979 - 579. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Heilbrigðisnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 11. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak). Þingskjal 979 - 579. mál.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að efla varnir í landinu gegn notkun á ryklausu tóbaki. Frumvarpið felur í sér bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á skrotóbaki auk þess sem með frumvarpinu er lagt til að innflutningur, framleiðsla og sala á öllu bragð- og lyktarblönduðu ryklausu tóbaki verði óheimill hér á landi.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
b/t. Sigríðar Svönu Helgadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/202, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (579. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér bann við skrotóbaki og aðrar breytingar á lögum um tóbaksvarni.*

Ofangreint frumvarp felur í sér tvær breytingar á lögum um tóbaksvarnir og snúa þær annars vegar að því að banna skrotóbak og hins vegar að því að banna innflutning, framleiðslu og sölu á bragð- og lyktblönduðu reyklausu tóbaki. Frumvarpið var unnið í samstarfi við Lýðheilsustöð og er ætlað að vera liður í því að draga úr heilsuspillandi áhrifum reyklauss tóbaks með því að draga úr neyslu þess.

Viðskiptaráð Íslands hefur í umsögnum sínum fyrir hinum ýmsu nefndum Alþingis talað fyrir því að lög séu skýr, með eðlilegan regluramma sem framkvæmanlegt er að vinna innan. Þær breytingar sem ofangreint frumvarp fela í sér er ekki liður í því að færa lög um tóbaksvarnir nær fyrrgreindum markmiðum löggjafar.

Athugasemd verður að gera við framsetningu b.liðar 1. gr. frumvarpsins. Frumvarpið ber það ekki með sér að því sé ætlað að banna það reyklausa tóbak sem nú er löglega í umferð, þ.e. „íslenskt“ neftóbak. Hins vegar verður að benda á þá staðreynd að það er að hluta til blandað efnum sem myndu í víðari skilningi fiokkast sem lyktar- eða bragðefni, t.d. salt og ýmis efnasambönd, þó ekki sé um ávaxtabragð að ræða. Ef ákvæðið á að standa eins og það er sett fram er þörf á að setja frekari skýringar við hvað er átt með bragð- og lyktarblönduðu reyklausu tóbaki í 2. gr. laganna.

Gagnrýna verður sérstaklega að komist er að þeirri niðurstöðu í greinargerð með frumvarpinu að munntóbaksneyslu eigi að bera saman við það að nota ekki tóbak, í stað þess að bera það saman við aðra tóbaksneyslu. Það virðist sem gripið sé til þessara raka svo ekki þurfi að taka á þeirri spurningu afhverju herjað er gegn reyklausu tóbaki þegar mun meiri hættu er fólgin í því sem er reykt eins og fram kemur í greinargerðinni. Þetta virðist vera sett fram til að forðast þessa umræður. Augljóst er að bera verður saman tóbaks neyslu við aðra tóbaksneyslu en ekki við það að neyta ekki tóbaks.

Heilsufarssjónarmið virðast ekki vera látin ráða þegar ákveðið er hvers konar tóbak er hér leyft og hvað bannað. Það sést vel á ofangreindu frumvarpi, enda virðist ástæðan fyrir því að skrotóbak er tekið út að þessu sinni vera sú að það er lítið sem ekkert notað en ekki af því það er skaðlegra en annað. Ótal rannsóknir hafa verið gerðar á skaðsemi tóbaks og dylst það engum, hins vegar hafa þær einnig sýnt fram á misskaðleg einkenni tóbaks. Slíkt sjónarmið eru ekki höfð að leiðarljósi við smíði

regluverks eða almennrar stefnu stjórnvalda, heldur virðist hún frekra stjórnast af tilviljunum og hefðum.

Óteljandi eru þær rannsóknir sem hafa sýnt fram á skaðsemi tóbaks, í öllu formi, og ekki er hér á nokkurn hátt verið að rengja skaðsemi þess eða hvetja til notkunar. Hins vegar verður að gagnrýna hvernig unnið er að gerð lagaramma á þessu sviði. Unnið er markvisst að því að banna þau form tóbaks sem eru utan þess sem er reykt og hinu svokallaða íslenska neftóbaki. Gagnrýna verður þessi vinnubrögð og sérstaklega í því ljósi að þau eru ekki í samræmi við þau heilsusjónarmið sem þó er vísað til í umfjöllun greinargerðar. Aukið gagnsæi og skýrleiki í regluverki fæst ekki með vinnubrögðum sem þessum.

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands